















21. september 2012





Verkefni í yfirlýsingu stjórnvalda frá 5. maí 2011 og staða þeirra








Verkefni	Ábyrgð	Aðgerð	Tímamörk skv. yfirlýsingu	Staða	
Ríkisfjármálaáætlun	FJMR	<p>Áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum til 2015 lögð fyrir Alþingi. Samráð haft við aðila vinnumarkaðar.</p> <p>ATHUGASEMD: Með hliðsjón af betri stöðu ríkisfjármála en talið var þegar áætlunin var gerð var ákveðið í samráði við AGS að fresta markmiði um heildarjöfnuð til ársins 2014. Aðlögunarþörf endurmetin 10-11% af VLF í stað 16% áður.</p>	Maílok 2011	Lokið	
Efnahagsáætlun	EVR	<p>Efnahagsáætlun til 3ja ára kynnt og áherslur í peningamálum skýrð. Samráð haft við aðila vinnumarkaðar.</p> <p>ATHUGASEMD: Mótun á umgjörð peningamála er enn í vinnslu en sú vinna tekur mið af afléttingu gjaldeyrishafta.</p>	Maílok 2011	Efnahagsáætlun lögð fram. Peningamál í vinnslu.	
Hagvaxtar- og fjárfestingaráætlun	FJMR/EVR/ IÐN/FOR	<p>Fylgja eftir markmiðum um fjárfestingar í yfirlýsingu.</p> <p>ATHUGASEMD: Í ljósi þeirrar óvissu sem verið hefur um framgang stórra fjárfestingaverkefna og lýtur að orkusamningum og fjármögnun var talið til lítils að birta slíka áætlun.</p>	Maí 2011		
Bætur almannatrygginga	VEL	<p>Bætur hækkaðar til samræmis við kjarabætur á vinnumarkaði. Breyting á lögum og setning reglugerðar.</p> <p>ATHUGASEMD:</p>	Maí 2011	Lokið rgr. nr. 570/2011	






		<p>Frv. um heildarendurskoðun á almanna-tryggingum unnið í samvinnu við aðila vinnumarkaðar. Þar dregið verulega úr tekju-tengingum og bætir hag lífeyrisþega umtalsvert og meira en nemur hækkun bóta sem lesa má úr yfirlýsingu.</p> <p>Atvinnuleysisbætur munu hækka skv. fjárlagafrumvarpi um 3,9%. Ágreiningur er um túlkun yfirlýsingarinnar og fer ASÍ fram á að bætur hækki um 11 þús.kr.</p>			
Persónuafsláttur	FJMR	Verðtrygging persónuafsláttar lögfest, komi til framkvæmda 1. jan. 2012.	Yfirstandandi þing	Lokið, lög 11. júní	
Samgönguframkvæmdir	IRR/FJMR	<p>Starfshópur IRR, FJMR með aðilum um útfærslur tillagna um fjármögnun samgönguframkvæmda á Suðvesturlandi.</p> <p>ATHUGASEMD:</p> <p>Ljóst frá upphafi að um mjög umdeilda framkvæmd var að ræða sem mætti mikilli mótspyrnu í heimabyggð og af hendi Félags ísl. bifreiðaeigenda.</p>	Mái lok 2011	Starfshópur skilað álit.	
Stjórn fiskveiða		Starfshópur til að rýna hagfræðilega greiningu á áhrifum frv. um stjórn fiskveiða.	Júní 2011	Starfshópur lokið störfum með skýrslu.	
Tekju – og eignatenging vaxta og barnabóta 2012	FJMR	<p>Endurskoða tekju – og eignatengingu vaxta- og barnabóta til útgreiðslu 2012.</p> <p>ATHUGASEMD:</p> <p>Fundað var með hagfræðingi ASÍ í nokkur skipti. Ekki kom til endurskoðunar á tekju- og eignatengingu vaxtabóta til útgreiðslur árið 2012. Stjórnvöld ákváðu að halda tekju- og eignatengingu óbreyttri, enda sýnt að vaxtabætur ná að lækka vaxtakostnað þorra skuldara þannig að hann er undir 10% af ráðstöfunartekjum.</p>	Fjárlagafrv. 2012	Lokið	







		Tillögur hafa verið lagðar fram um að koma á húsnæðisbótum í stað vaxta- og húsaleigubóta. Stefnt er að því að jafna eftir því sem kostur er stöðu þeirra sem eiga og leigja og að það verði valkostur að vera í leiguhúsnæði til lengri tíma og húsnæðisbætur verða greiddar mánaðarlega. Vaxtabætur árið 2013 sem samskonar hætti og verið hefur. Hámarksupphæðir bóta verða hækkaðar og verður frumvarp um þá breytingu lagt fram fljótlega.			
Atvinnuþryggingargjald	FJMR	Atvinnuþryggingargjald lækki 2012 í samræmi við spár í haust um atvinnuleysi. ATHUGASEMD: Í yfirlýsingu er heitið að atvinnuþryggingagjald lækki um 0,3% á árinu 2013. Skv. fjárlagafrumvarpi verður staðið við það. Hins vegar segir ekkert í yfirlýsingunni um álagningu almenna tryggingagjaldsins á árinu 2013. Hækkun þess um 0,3% nauðsynleg vegna stóraukinna útgjalda til almannatrygginga.	Haustþing 2011	Lokið	
Skattar á fyrirtæki	FJMR	Breytingar á tilteknum ákvæðum um skattlagningu fyrirtækja. ATHUGASEMD: Fjármálaráðherra lagði fram á vorþingi 2011 frumvarp til laga um ýmsar breytingar á skattalögum.	Yfirstandandi þing	Lokið, lög 11. júní.	
Samráð um frekari breytingar á sköttum fyrirtækja	FJMR	Samstarf um frekari athugun á umbótum í skattamálum fyrirtækja. ATHUGASEMD: Tveir starfshópar: um þunna eiginfjármögnun og um skattlagningu afleiðuviðskipta hafa þeir þegar skilað tillögum sínum til fjármálaráðherra.	Haust 2011	Frumvarp lagt fram á haustþingi 2012.	








		Fjármálaráðherra mun í nóvember nk. leggja fram frumvarp um breytingar er varða þunna eiginfjármögnun, afleiður, afdráttarskatt af vöxtum til erlendra aðila og útsenda starfsmenn.			
Opinber innkaup	FJMR	Starfshópur með aðilum og sveitarfélögum skili tillögum um br. á lögum um opinber innkaup til að tryggja samkeppni og réttindi launafólks.	September 2011	Frumvarp lagt fram á haustþingi 2012.	
Réttindi starfsfólks fyrirtækja á verktakamarkaði	FJMR	Starfshópurinn skoði einnig breytingar á lögum um innkaup ofl. lög til að styrkja stöðu starfsfólks fyrirtækja á verktakamarkaði. ATHUGASEMD: Frumvarp lagt fram á vorþingi sem tryggja betur stöðu og réttindi launafólks sem starfa fyrir fyrirtæki á verktakamarkaði og jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja. Frumvarpið ekki afgreitt en verður lagt fram að nýju á næstunni. Starfshópurinn vinnur að stöðu innkaupa hjá sveitarfélögum. Mat á hæfi bjóðenda í útboðum komið í framkvæmd.			
Svört atvinnustarfsemi	FJMR	Átaksverkefni FJMR, RSK í samvinnu við aðila til að sporna við svartri efnahagsstarfsemi.	Sumarið 2011	Lokið	
Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða	FJMR	Lífeyrissjóðum gert kleift að taka beinan þátt í fjárfestingu og/eða fjármögnun orku-framkvæmda. ATHUGASEMD: Frumvarpið mætti andstöðu ASÍ. Nefnd skipuð um endurskoðun á ákvæðum laga um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðum, þar m.a. fjallað um heimildir lífeyrissjóða við fjármögnun orkuverkefna.		Stjr.frv. fyrir alþingi, ekki afgreitt.	

Samræming lífeyrisréttinda	FJMR	Starfshópur um samræmingu lífeyrisréttinda skili niðurstöðum í haust og þær kynntar á Alþingi fyrir þinglok. ATHUGASEMD: Unnið hefur verið að samræmingu lífeyrisréttinda í starfshópi sem skipaður var á grundvelli stöðugleikasáttmálans með þátttöku allra aðila á vinnumarkaði. Þessu starfi hefur miðað vel og er stefnt að því að niðurstaða fáiast fyrir árslok 2012.	1. nóv. 2011	Í vinnslu.	
Lífeyrisréttindi í almenna lífeyriskerfinu	FJMR	Starfshópur skipaður þegar í stað til að undirbúa mögulega þátttöku ríkisins við að jafna uppávið lífeyrisréttindi í almenna kerfinu með inngreiðslum.	Greiningu í lok september 2011.	Greining liggur fyrir.	
Lífeyrisréttindi félagsmanna innan ASÍ á opinberum vinnumarkaði	FJMR	Samráð verði haft við ASÍ og sveitarfélög um breytingar á réttindum ASÍ fólks sem starfar á opinberum vinnumarkaði. ATHUGASEMD: Skipaður var starfshópur stjórnvalda og fulltrúa heildarsamtaka opinberra starfsmanna og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hefur það hlutverk að fara yfir stöðu A og B-deildar LSR og koma tillögu að framtíðarlausnum á vanda þeirra. Stefnt er að því að störfum hópsins ljúki sem fyrst og eigi síðar en í árslok 2012.	1. nóv. 2011	Hluti af endurskoðun lífeyrismála.	
Lög um félög og skráningu, hæfi til stjórnarsetu	EVR/FJMR	Athuga heimildir til að takmarka í lögum möguleika aðila sem ítrekað hafa keyrt fyrirtæki í þrot til að stofna fyrirtæki eða sitja í stjórnnum. ATHUGASEMD: Lagaákvæði um kennitölufلاكk hafa verið Kortlögð og athugað hvort m.a. aðilar vinnumarkaðarins, geti stuðlað að því að bæta framkvæmd þeirra. Ræddir möguleikar á að setja ný lagaákvæði á starfssviði ýmissa ráðuneyta. Útlit fyrir að á þessu þingi megi	Í vinnslu	Frumvarp á haustþingi 2012	

		leggja fram frumvarp um breytingar á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, þar sem mætti útvíkka atvinnurekstrarbann sem miðast við refsidóm og tímabundið bann við setu í stjórn og sem framkvæmdastjóri. Vanskil með opinber og launatengd gjöld og jafnvel ítrekuð gjaldþrot gætu leitt til svipaðrar niðurstöðu.			
Tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur	VEL	VEL og VMST skipuleggja verkefnið sem ná á til um ¼ vinnumarkaðarins í samráði við aðila.		Lokið	
Réttarstaða starfsfólks við gjaldþrotaskipti	VEL	Lagabreyting um réttarstöðu starfsfólks við gjaldþrotaskipti, er varðar launakjör, starfsskilyrði og uppsagnir.	Yfirstandandi þing	Lokið, lög 2. sept.	
Bótatímabil einstaklinga í starfstengdum úrræðum	VEL	Lögum um vinnumarkaðsaðgerðir breytt þannig að bótatímabil einstaklinga í starfstengdum úrræðum verði ekki skert.	Yfirstandandi þing	Lokið, lög 2. sept.	
Skipulag og samhæfing starfsendurhæfingar	VEL	Skipaður verður samráðsnefnd með aðilum um skipulag og samhæfingu starfsendur-hæfingarmála. Aðkoma ríkisvaldsins að faglegum útfærslum verði skilgreind	1. nóvember 2011	Lokið, lög nr. 60/2012	
Iðgjald til Starfsendurhæfingarsjóðs	VEL/FJMR	Skylda allra launagreiðenda til að greiða 0,13% iðgjald í Starfsendurhæfingarsjóð verði lögfest. Jafnhátt iðgjald komi frá lífeyrissjóðunum	Yfirstandandi þing	Lokið, lög 11. júní	
Tillögur um nýtt húsnæðisbótakerfi útfært	VEL	Starfshópur skipaður til að gera tillögur um nýtt húsnæðisbótakerfi m.t.t. jafnræðis milli búsetuforma við skiptingu fjármuna til vaxta- og húsaleigubóta. ATHUGASEMD: Unnið er að útfærslu tillagna starfshópsins.		Starfshópur lauk störfum með skýrslu til ráðherra í maí 2012.	
Verndar og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða	IÐN	Frumvarp verði afgreitt á vorþingi.	Vorþing 2011	Lokið, lög nr. 48/2011	

Rammaáætlun	IÐN	<p>Áætlun afgreidd á haustþingi.</p> <p>ATHUGASEMD: Þingsályktunartillaga um Rammaáætlun var lögð fram á vorþingi 2012 og verður lögð aftur fram af umhverfisráðherra á haustþingi 2012, í samráði við atvinnuvegaráðherra.</p>	Haustþing 2011		
Fjárfestingar í grænni atvinnustarfsemi	IÐN	<p>Íslandsstofa geri tillögu að hvataaðgerðum vegna fjárfestinga í orkufrekri grænni atvinnustarfsemi.</p> <p>ATHUGASEMD: Íslandsstofa fékk 33 m.kr. framlag af fjárlagalið 01-281 til að kortleggja og kynna fyrir fjárfestum vænleg svið grænna fjárfestinga á Íslandi. Í fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir 50 m.kr. framlagi til þessa verks á næstu þremur árum.</p>	Júní 2011		
Ferðaþjónusta	IÐN	Varið verði árlega 300 m.kr. til að efla ferðaþjónustu yfir vetrartíma næstu 3 árin.		Lokið	
Klasasamstarf	IÐN	<p>Efnt til klasasamstarfs á sviði heilbrigðis-, orku- og menntamála. Samkeppnissjóðir á þessum sviðum verði eflir.</p> <p>ATHUGASEMD: Skv. yfirlýsingu skyldi framhald verkefnisins ráðast af reynslunni af verkefninu sem fellt var undir hatt markáætlana. Fjármögnun er óviss. En skv. fjárlagafrumvarpi verða fjárframlög til markáætlana aukin um 200 m.kr. Vísinda og tækniráð mótar áherslur í markáætlunum.</p>		Lokið. Framhald verkefnis ræðst af reynslu af verkefninu.	
Fjármögnun sprotafyrirtækja	IÐN	<p>Efla Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum og Tækniþróunarsjóður gert kleift að aðstoða hugbúnaðar- og hátæknifyrirtæki.</p> <p>ATHUGASEMD: Skv. fjárlagafrumvarpi verða fjárveitingar til</p>	Fjárlagafrv. 2012	Í vinnslu	

		Tækniþróunarsjóðs auknar um 550 m.kr. í 1270 m.kr Málefni NSA eru til athugunar.			
Framhaldsskólar taki við fleiri nemendum	MMR	Framhaldsskólum gert kleift að taka inn haustið 2011 umsækjendur yngri en 25 ára sem uppfylla skilyrði. ATHUGASEMD: Einnig í boði haustið 2012.		Lokið	
Raunfærnismat opnar leið í framhaldsskóla	MMR	Þeim sem hafa lokið raunfærnimati vorið 2011 gefist kostur á námi á framhaldsskólastigi haustið 2011. ATHUGASEMD: Einnig í boði haust 2012.		Lokið	
Úrræði í framhaldsfræðslu	MMR	Þeim sem eru 25 ára og eldri verður gefinn kostur á úrræðum í framhaldsfræðslu. ATHUGASEMD: Einnig í boði haust 2012.	Haust 2011	Lokið	
Raunfærnismat	MMR	Aukið raunfærnismat og náms- og starfsráðgjöf ATHUGASEMD: Unnið reglulega áfram að þessu máli.	Haust 2011	Lokið	
Fjarkennsla	MMR	Heildstætt nám í fjarkennslu í boði á framhaldsskólastigi. ATHUGASEMD: Heilstætt framboð er til staðar. Samstarf lítilla skóla úti á landi hefur verið aukið og formgert Takmarkanir eru þó á námsplássum vegna lítilla fjárheimilda. Áfram unnið að því að bæta aðgengi.		Í vinnslu.	
Námstækifæri 1000 atvinnuleitenda	MMR	Námstækifæri í boði fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu tvö skólaár þar á eftir. Leitað eftir við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að hann beri kostnað af þessu. ATHUGASEMD: Verkefnið verður framhaldið næstu tvö árin.		Lokið	

Fjárveiting til vinnustaðanámssjóðs	MMR	Vinnustaðanámssjóði tryggðar 150 m.kr. á fjárlögum 2012.	Fjárlagafrv. 2012	Lokið.	
Starfstengd úrræði fyrir atvinnuleitendur	MMR	Starfstengdum úrræðum fyrir atvinnuleitendur fjölgað í 1.500 2011.	Átakið „nám er vinnandi vegur“.	Lokið	
Skil framhaldsskóla og framhaldsfræðslu sveigjanlegri	MMR	Nemendum auðveldað að fá metna áfanga í framhaldsfræðslu og raunfærni til eininga í framhaldsskólum. ATHUGASEMD: Um að ræða viðvarandi verkefni.	Fjárlagafrv. 2012	Lokið	
Endurskoðun laga um LÍN	MMR	Samráð verði haft við aðila um endurskoðun laga um LÍN. ATHUGASEMD: Frumvarp í vinnslu í samráði við námsmenn og aðila vinnumarkaðarins. Lokadrög verða kynnt í október og frumvarp lagt fram í byrjun nóvember.		Frumvarp lagt fram í byrjun nóvember.	
Þróunarsjóður fyrir starfstengt nám	MMR	Stofnaður verði þróunarsjóður til að efla starfstengt nám á framhalds- og háskólastigi og þróa styttri námsbrautir.	Fjárlagafrv. 2012	Lokið.	
Aukið samstarf fyrirtækja og skóla um starfstengt nám	MMR	Samstarf fyrirtækja og skóla um starfstengt nám verði aukið og tryggt að nemendur geti lokið verklegum þáttum náms innan tilskilins námstíma. ATHUGASEMD: Verkefnið i fullum gangi í tengslum við innleiðingu nýrrar námskrár. Ábyrgð á verkefninu hjá stjórnvöldum og atvinnurekendum.		Í vinnslu	
	VEL/MMR, FJRM	Aðgerðarhópur með aðilum sér um framkvæmd menntakaflans - tillögur um framfærslustuðning við þá sem ekki	1. október 2011	Starfshópur að störfum.	

		<p>fara í lánshæft nám. - samræma framfærslugrunn námslána og bótakerfis</p> <p>ATHUGASEMD: Framfærslustuðningur greiddur að atvinnuleysistryggingasjóði. Starfshópur er að störfum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið samið skýrslu um framkvæmd og árangur menntahlutans.</p>			
--	--	---	--	--	--